

Mál nr. 188/2019**M og
V vegna frjálsrar ábyrgðartryggingar sveitarfélagsins A hjá V.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss á sundstað.****Gögn.**

Málskot dags. 20.05.2019 ásamt fylgiskjölum 1-9.

Bréf V dags. 06.06.2019.

Málsatvik.

Hinn 16. júlí 2018 var M staddur á sundstað sem rekinn er af A. Þegar hann var á leið úr sturtu steig hann af handklæði sem var á gólfinu við inngang í skáparými og féll þá í bleytu á gólfinu með þeim afleiðingum að hann meiddist. M telur að umrætt atvik megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis A eða þeirra sem A ber ábyrgð á. Þannig hafi gólfið verið bæði blautara og hálla en hann hefði reiknað með, enda gert ráð fyrir að fólk færi ekki inn í skáparými fyrr en eftir að það hefði þurrkað sig. Þá komi fram í skýrslu um atvikið, sem starfsmaður A hafi ritað undir, að M hafi runnið í bleytu á „handónýtu“ gólfi. M telur að þar sem starfmenn A hafi haft vitneskju um sérstök hætta gæti skapast vegna hálfu á gólfinu hafi þeim borið skylda til að grípa til öryggisráðstafana, s.s. með hálkuvörnum eða með því að þurrka gólfið reglulega. A beri því skaðabótaábyrgð á tjóni M á grundvelli þess að aðstæður í sundlauginni hafi verið ófullnægjandi og gerir M því kröfu til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Máli sínu til stuðnings vísar M m.a. til reglugerðar nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum, lögregluskýrslu sem gerð var vegna atviksins og eftirlitsskýrslu Heilbrigðiseftirlits Austurlands, dags. 17. ágúst 1018.

Í bréfi sínu til nefndarinnar lýsir V þeirri afstöðu sinni að slys M sé ekki að rekja til saknæmrar háttsemi A eða starfsmanna þess. Ekkert liggja fyrir um að umrætt gólf hafi verið vanbúið, eða í ósamræmi við áskilnað reglugerðar nr. 814/2010, þegar atvikið átti sér stað. Þá liggja í raun ekki fyrir að gólfið hafi verið blautt, en starfsmaður A hafi farið um klefann meðan M var að klæða sig og hafi hann ekki séð neitt athugasemdir við aðstæður. Hins vegar sé ekki hægt að útiloka að bleyta hafi verið á gólfi, en eðli máls samkvæmt sé alltaf hætt við bleytu á gólfi sundstaða, og því einhver fallhætta til staðar, sér í lagi ef sundlaugargestir gæti ekki varúðar. Þetta eigi jafnt við þó að gripið sé til allra mögulegra ráðstafana til að koma í veg fyrir slys. Þá tekur V fram að ummæli um „handónýtt“ gólf séu frá M sjálfum komin, en ekki starfsmanni A. Afstaða V er því sú að um óhappatilvik og eigin aðgæsluleysi M hafi verið að ræða og er bótaskyldu hafnað.

Álit:

Ágreiningur málsins lýtur að því hvort slys M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu A eða starfsmanna þess, en það er skilyrði þess að bótaskylda sé til staðar. Meðal gagna málsins er eftirlitsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Austurlands sem gerð var í kjölfar eftirlitsheimsóknar hinn 20. júlí 2018, eða tveimur dögum eftir umrætt atvik. Í skýrslunni, sem virðist nokkuð ítarleg, koma fram nokkrar athugasemdir um aðbúnað á sundstaðnum, í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 814/2010. Ekki eru hins vegar gerðar neinar athugasemdir um hálkuvörn á gólfi í skáparými né um aðbúnað þar að öðru leyti. Hins vegar kemur fram að þurrkmotta sé staðsett á mörkum blautrýmum og búningsklefa og hálkumerking til staðar í búningsklefa. Má ekki ráða af skýrslunni að þessi atriði þyki ófullnægjandi. Verður því ekki talið að M hafi tekist að sýna fram á að gólf í búningsklefa hafi á einhvern hátt verið vanbúið. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að starfsmenn A hafi á einhvern hátt brugðist skyldum sínum að m.t.t. til eðlilegra aðgerða við að varna slysum af þessu tagi. Hefur því ekki verið sýnt fram á sök hjá A eða starfsmönnum þess og er bótaskylda þ.a.l. ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 25. júní 2019

Valgeir Pálsson lögm.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.